

Málefni: Óhefðbundnar fráveitulausnir til verndar viðkvæmum viðtökum

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) hélt málþing 8. maí s.l. um fráveitulausnir til verndar Þingvallavatni. Þingvallavatn hefur alþjóðlega sérstöðu fyrir tærleika, sem kemur til af því að til vatnsins berst takmarkað magn niturs í hlutfalli við fósfor, en bæði efnin eru grundvöllur fyrir frumframleiðslu og vistkerfi vatnsins.

Síðastliðin ár hefur umferð og umsvif mannsins aukist í nánasta umhverfi vatnsins, s.s. til frístunda, í ferðapjónustu og iðnaði. Á sama tíma hafa augu manna opnast fyrir mögulegum áhrifum loftmengunar sem berst of langt að, og áhrifum hnattrænna loftslagsbreytinga. Rannsóknir gefa vísbendingar um eðlisfræðilegar, efnafræðilegar og líffræðilegar breytingar í vatninu. Meðan erfitt er að stýra veðurfari og loftborinni mengun, þá er hægt að stýra staðbundinni losun næringarefna frá fráveitum sem var þema ráðstefnunnar. Niðurstöður hennar voru í stuttu máli:

1. Hefðbundnar miðlægar skólphreinsilausnir voru ekki taldar sjálfbærar.
2. Flutningur skólps með tankbílum til Reykjavíkur var ekki talinn sjálfbær.
3. Mælt var með aðskilnaði grávatns og skólps (e. source separation) og notkun óhefðbundinna salernislausna, t.d.:
 - Þurrklósett (e. composting /dry sanitation) 0 - 0.1 L/heimsókn
 - Klósett sem aðskilur hland frá saur (e. urine diverting toilets) 0.1 - 4.0 L/heimsókn
 - Vatnssparandi klósett (e. vacuum & gravity) 0.5 - 1.5 L/heimsókn

Stjórn VAFRÍ hvetur til að fráveitumál í strjálbýli verði skoðuð á heildrænan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. Hefðbundin klósett sem blanda vatni saman við úrgang torvelda hreinsun og endurnýtingu. Mikilvægt er að staðbundin umsvif mannsins, umferð, iðnaður, ferðapjónusta, frístundahús og landbúnaður stefni að lágmarks losun næringarefna. Óhefðbundnar salernislausnir geta lækkað losun bæði niturs og fosfórs um 95%, sem er mun herra hlutfall en fæst með hefðbundinni annars stigs skólphreinsun. Auk þess má nýta afurðina sem safnast, þ.e. óblönduðu seyrana og hlandið, t.d. sem áburð utan viðkvæmra svæða.

Stjórn VAFRÍ telur að í dag felist miklir möguleikar í því að endurhugsa fráveitumál á viðkvæmum dreifbýlum svæðum. Við hvetjum til þess að óhefðbundnar salernislausnir séu kynntar og prófaðar við íslenskar aðstæður og viðmót neytenda til þeirra kannað. Við bjóðum okkar þjónustu við fræðslu og að koma með tæknilegt innlegg í umræðuna.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar, framsöguerindi og samtekt fundarstjóra, á vefsíðunni (http://www.vafri.hi.is/?page_id=673)

Stjórn VAFRÍ

Hrund Ó. Andradóttir, formaður, dósent í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands
Arndís Ósk Ólafsdóttir, ritari, fagstjóri vatnsveitu Orkuveitu Reykjavíkur
Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur
Gunnar Steinn Jónsson, meðstjórnandi, líffræðingur PhD
María J. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi, sérfræðingur, Háskóla Íslands